

**84. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
4. maí 2020 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908216 - Málefni Bókasafns og Héraðsskjalasafns**

Bæjarbókavörður kynnir eigin samantekt sem var unnin út frá umræðum á fundi nefndarinnar 17. febrúar 2020.

*Nefndin þakkar Halldóru Jónsdóttur bæjarbókaverði fyrir samantektina og tekur heilshugar undir þær áherslur sem komu fram í máli hennar. Forstöðumanni falið að vinna að skilgreiningu starfa í samræmi við þá sýn sem var unnin um framtíðar bókasafnið með starfsmönnum safnsins, nefndinni og íbúum á árinu 2019. Tillaga að starfaskilgreiningum skal vera tilbúin fyrir fund nefndarinnar í september.*

**2. 1908220 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum 2019 og 2020**

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefna á Byggðasafninu í Görðum.

*Forstöðumaður kynnti stöðu verkefna. Nefndin samþykkir að fresta sumaropnun safnsins til 2. júní vegna tafa sem hafa orðið vegna óviðráðanlegra orsaka.*

**3. 2001074 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2020**

Forstöðumaður leggur til að fallið verði frá hátíðahöldum á Sjómannadegi og 17. júní 2020 vegna eftifarandi sem kemur fram í minnisblaði sóttvarnarlæknis til Heilbrigðisráðherra dags. 21.4.2020:

"Lagt er til að frekari afléttung samkomutakmarkana verði íhuguð 3-4 vikum eftir 4. maí 2020 og verði þá stefnt að 100 manna fjöldatakmörkunum..."

Á þessum tímapunkti er ekki vitað frekar um næstu skref í ráðleggingum sóttvarnarlæknis og því erfitt að meta aðstæður fyrir fyrstu helgina í júlí þegar Írskir dagar eru á dagskrá. Forstöðumaður stýrir umræðum um næstu skref varðandi hátíðahöldin.

*Í ljósi aðstæðna leggur nefndin til að engin hefðbundin hátíðahöld verði á Sjómannadaginn né 17. júní þar sem fólk skuli ekki stefnt saman. Lagt verður upp með óhefðbundna dagskrá sem verður kynnt betur síðar.*

*Jafnframt leggur nefndin til að fólk verði ekki stefnt saman á Akranesi á Írskum dögum en unnið verði að því að tengja fólk saman með einum eða öðrum hætti. Allar upplýsingar um viðburðahald verða kynntar á skagalif.is um leið og þær liggja fyrir.*

**4. 2004225 - Bæjarlistamaður Akraness 2020**

Forstöðumaður leggur fram tillögu um að óska skuli eftir tilnefningum um Bæjarlistamann Akraness 2020 eins og gert hefur verið undanfarin ár.

OP  
LR  
EMG  
7

Tillaga samþykkt.

**5. 2004224 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19 - Menningarmál**

Forstöðumaður stýrir umræðum um næstu skref varðandi útfærslu á aðgerðum Akraneskaupstaðar til viðspyrnu við Covid-19 sem nefndinni er falið að framkvæma:

- Aukið fjármagn til viðburðarhalds í menningarmálum. Samtals kr. 3.000.000.
- Aukið fjármagn i styrktarsjóð menningarmála. Samtals kr. 1.500.000.

Forstöðumanni falið að auglýsa eftir umsóknum um styrki til menningarverkefna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:05.

ØR-PAM

Helga Kristín Björgölf Þor.

Coverisur Þor.

Gudmundur Þórhil.

Felicitas B. Þórðarsdóttir

Jónella Sigurjónsdóttir

Ella María Gunnarsd.